

## Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2023, miðvikudagurinn, 20. mars, var haldinn 41. fundur íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Ingunnarskóla og hófst kl. 16.33. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Guðný Maja Riba, Björn Ingi Björnsson, Ellen Ellertsdóttir, Herdís Björnsdóttir og Stefán Pálsson. Fundinn sátu einnig Trausti Jónsson og Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um skólastarf í borgarhlutanum. MSS24030073

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Grafarholts- og Úlfarsárdals lýsir óánægju sinni með viðvarandi mönnunarvanda í frístundarheimilum hverfisins sem birtist í því að nemendur í 3. og 4. bekk fá vistun seint og illa eða alls ekki. Þetta ástand er bagalegt fyrir börnin, enda hafa frístundarheimilin mikilvægu menntunar- og forvarnarhlutverki að gegna, en ekki síður fyrir foreldra sem haldið er í óvissu svo mánuðum skiptir. Mikilvægt er að ráðist sé í stóratök í mönnunarmálum frístundarheimilanna sem og að bætt verði upplýsingagjöf til foreldra um stöðu og framvindu mála.

- Kl. 16.43 tekur Heiða Björk Júlíusdóttir sæti á fundinum.

2. Fram fer kynning á starfsemi Hopp í borgarhlutanum. MSS23090112

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram drög að umsögn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals, dags. 20. mars 2024, ásamt bréfi umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. febrúar 2024, með umsagnarbeiðni um tillögu um breytingu á hámarkshraða, ásamt fylgiskjöllum. USK23010018 Samþykkt.
4. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 4. mars 2024, um opnun fyrir umsóknir í Hverfissjóð Reykjavíkurborgar. MSS23030157
5. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034

### Fundi slitið kl. 18:00

Guðný Maja Riba

Stefán Pálsson  
Herdís Björnsdóttir  
Heiða Björk Júlíusdóttir

Björn Ingi Björnsson  
Ellen Ellertsdóttir